# Pési

**Okt** 2012
Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

22. árgangur. 264. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600

**Lesið þetta**

- **Sveitarstjóra spjall**
- **Auglýsingar**
- **Bingó**
- **Kvenfélagið**

**Næsti Pési kemur út 15 nóv 2012**

**Efni í Pésann VERÐUR að berast í síðasta lagi 11.nóv**

**Efni í þessu blaði:**

| | |
|---|---|
| Forystugrein | 2 |
| Hjónaball | 4 |
| Kjörfundur | 8 |
| Jóga | 14 |
| Kirkjustarfið | 19 |

## Frá Bókasafni Hrunamanna

**Opið:**

**Mánudaga Kl. 20-21**
**Þriðjudaga Kl. 16-18**
**Miðvikudaga Kl. 16-18**
**Fimmtudaga Kl. 16-18**

Lánstími safnefnis er **30 dagar**, nema annars sé getið. Inná www.gegnir.is, nánar tiltekið inná „***Mínum síðum***" er hægt að sjá skiladag, framlengja lánum og fleira.
Og nú er alltaf hægt að skila safngögnum í gegnum skilalúguna.

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.
Lestur er bestur ☺
Bókasafn Hrunamanna
Félagsheimilinu
Sími: 486 6708
Netfang: bokasafn@fludir.is
Heimasíða: http://bokasafn.fludir.is/



Sólveig Ólafsdóttir prófar nýju lyftuna í Heimalandi. Ljósm:SigSigm







Katrín Jónsdóttir frá Langholtskoti níræð. Ljósm:SigSigm

**Sveitarstjórapistill**

Októbermánuður er runninn upp og nú er haustið búið að taka völdin með öllum sínum síbreytileika. Að margra mati eru haustin litríkasti tími ársins með öllum sínum fallegu haustlitum. Hefur enginn verið svikinn af þeim þessa daganna. Það var gaman að sjá hvað margir mættu í Hrunaréttir og það er orðið ljóst að sífellt fleiri sækja þennan menningaratburð heim en þar ríkti afar afslappaður og góður andi.

Þá spillti ekki heldur fyrir að stuðlabergið er komið í ytri hringinn á réttunum sem setur afar skemmtilegt yfirbragð á þær Enn og aftur eiga þeir þakkir skildar fyrir óeigingjarnt starf sem standa vaktina við réttarbygginguna. Þá má heldur ekki gleyma fjallmönnunum okkar sem stóðu sig með mikilli prýði í alvöru fjallferð þetta árið. Ber að þakka þeim fyrir góð störf en þeir urðu víst bæði sand- og snjóblásnir eftir þessa ferð. Hörku fólk þar á ferðinni.

Nú hafa verið teknar ákvarðanir um framtíð skólamála í sveitarfélaginu. Að vel athugðu máli var ákveðið að hafa óbreytt fyrirkomulag á þeim þannig að leikskólinn Undraland og Flúðaskóli verða áfram sjálfstæðar einingar. Virðist mér sem að góð sátt sé um þetta fyrirkomulag en það skiptir miklu máli að friður og samstaða sé um þetta lykilmál í hverju samfélagi. Þá hefur einnig verið ákveðið að rýmka undanþágureglur í leikskólanum þannig að hægt verði að taka inn allt að 12 mánaða gömul börn. Þó þetta geti kostað nokkuð þá hjálpar þetta vonandi foreldum að komast fyrr út á vinnumarkaðinn og gerir vonandi okkar sveit enn fýsilegri kost til búsetu.

Þá hefur einnig verið tekin ákvörðun um að slökkviliðið okkar sameinist Brunavörnum Árnessýslu um næstu áramót. Þessi ákvörðun byggist á því að þegar til lengri tíma litið sé betra að vera hluti af stærri heild en við vorum orðin eina sveitarfélagið í Árnessýslu sem stóð utan þessa samstarfs. Það er ljóst að framundan hefði verið talsverð þörf fyrir fjárfestingar vegna slökkviliðsins þannig að þetta er ákveðin lausn á því máli. Hins vegar vil ég þakka slökkviliðsmönnum Hrunamannahrepps sérstaklega fyrir góð og ósérhlífin störf í gegnum árin og ég vona að sem flestir starfi áfram að brunavörnum með Brunavörnum Árnessýslu. Nú er flestum framkvæmdum að ljúka sem sveitarfélagið ræðst í á þessu ári. Ég er sérstaklega ánægður með að vera búinn að leggja Smiðjustíginn á Flúðum með bundnu slitlagi því það verður allt annar bragur á svæðinu eftir slíka aðgerð. Vil ég skora á eigendur atvinnuhúsnæðis við Smiðjustíg og Sneiðina að huga að því að nú er tækifæri til að ganga betur frá lóðum sínum þegar gatan er klár. Nú liggur fyrir að vinna við fjárhagsáætlun 2013 fer á fullan gang og það er hugur í okkur að að klára varanlega gatnagerð á Flúðum í áföngum með því að taka fyrir eitt verkefni á ári. Þá stendur einnig til að halda áfram viðhaldsverkefnum á húsnæði sveitarfélagsins. Við munum því skoða vel í budduna og vonandi koma einhver skemmtileg verkefni upp úr henni á næsta ári.

Eitt er það mál sem ég vil vekja athygli á en það er fjöldi óskráðra hunda og katta. Það er skylda að skrá ketti í þéttbýlinu á Flúðum og hunda í allri sveitinni. Vil ég hvetja fólk eindregið til að skrá skráningaskylda hunda og ketti á skrifstofunni.

Þá vil ég minna íbúa á þjónstu Strætó í Hrunamannahreppi og hvetja fólk til að nýta sér almenningssamgöngur sem loksins eru komnar í viðunandi horf í sveitarfélaginu.

Að lokum við ég hvetja fólk til þátttöku í hvers konar félagsstarfi sem er afar fjölbreytt í Hreppnum og jafnframt að nýta sér aðstöðuna í íþróttahúsinu og sundlauginni sér til heilsueflingar því það er enginn of ungur eða of gamall til að hreyfa sig.

Vonandi eigum við öll saman gott haust og enn betri vetur.

Jón G. Valgeirsson
Sveitarstjóri

# Flúðaleið ehf

***Verktaki fyrir Eimskip og Samskip***

Brottför frá Flúðum  alla virka daga: 7:00-9:00
Brottför frá Reykjavík alla virka daga:
Kl 12:00 frá Landflutningum  og
Kl 13:00 frá Flytjanda
Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00
Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga.  sími: 486-1070 fax 486-6693
netfang: fludaleid@simnet.is
Símar hjá bílstjórum:
892-2370- Pálmar
892-2371  -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.
892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur
Með kveðju                         Starfsfólk Flúðaleiðar

## Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími

| | |
|---|---|
| Mánudaga til föstudaga: | 17:00-21:00 |
| Laugardaga | 12:00-18:00 |
| Sunnudaga: | 12:00-18:00 |



Áttu gamlar myndir frá gömlum hjónaböllum?
Ef svo er viltu þá hafa samband við Steinar S.8996587 og Írisi S.8679892

**HJÓNABALL, 2.MARS 2013**
**TAKIÐ DAGINN FRÁ!!**

Upplit
Menningarklasi uppsveita Árnessýslu

Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á
www.upplit.is –allir velkomnir

Byggingafélagið **Árborg** ehf.
Austurvegi 42-44 • Selfossi
Símar 482 1550 / 482 1275
GSM 864 1275



Húsasmíðar
Innréttingar
Vélaleiga
Gröfur o.fl.

---

**Fjallaraf**
**sími 662 0530**

**Hjörleifur Ólafsson**
Rafffræðingur  Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is

---

Samkaup strax

**Opnunartími Versl. Strax.**

| | |
|---|---|
| Mánudaga til föstudaga | 10:00-18:00 |
| **Laugardaga** | 10:00-18:00 |
| **Sunnudaga** | 11:00-17:00 |

**Minnum á viku tilboðin.**

Verið velkomin.
Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

# Er komið haust???

*"Ja, maður spyr sig"*

**Sprauta / skammta**



**Einnota sprautur og nálar**



**Klaufaklippur**



**Vogir**



**Inngjafabyssa m/slöngu**



**Gripamerkilitir**



**Gripamerki-spray**



**Boltabyssa**
(Sláturbyssa)





# Allt í sláturtíðina

Hnífar, kjötsagir, stál, skurðarbretti, frystipokar, bjúgnalangar, net, salt, pækilsprautur, krókar, gervivambir, sláturgarn, bjúgnapressur, frystipokar, heimilspokar, balar, fötur m/loki, úrbeiningarhanskar, hamborgarapressa, vacuumpökkunarvél, vaccumpokar, o.fl.

## Regnföt





## Stígvél - reiðskór - gúmmískór - sokkar





## Skeifur - hóffjaðrir





LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti,
801 Selfoss
Sími 480 5600
landstolpi.is

# ÁSBÚÐIN Á FLÚÐUM
<u>SMIÐJUSTÍG 6A – SÍMI  486-1866</u>

BYGGINGAVÖRUR – BÚVÖRUR
GJAFAVÖRUR – HANNYRÐAVÖRUR
GARÐVÖRUR – LEIKFÖNG
OG ALLT ÞAR Á MILLI.
ALLTAF AÐ BÆTAST VIÐ NÝJAR VÖRUR
SJÓN ER SÖGU RÍKARI.
OPIÐ 9-18 VIRKA DAGA
11-16  LAUGARDAGA.

**<u>VERIÐ VELKOMIN – VERSLUM Í HEIMABYGGÐ</u>**

---

<u>VIOLA snyrtistofa</u>
<u>Högnastíg 1 Flúðum</u>.



GUINOT  húðvörur fyrir dömur og herra
ALESSANDRO naglalökk og gloss
Meðferðir:  Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting – Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.
Tímapantanir í Síma 856-1599



**<u>Hár-Hrun</u>**
Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma
í síma:     486-5535 og 899 9665       Inga Birna.

**Fótaaðgerð.**
Verð í Heimalandi laugardaginn 20. okt 2012
Tímapantanir  í síma: 863 0433
Sólveig Jóhannsdóttir
Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Hrunamannahreppur

# <u>Kjörskrá!</u>

Kjörskrá fyrir sveitarfélagið Hrunamannahrepp,vegna ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu 20.október 2012 um tillögur stjórnlagaráðs, liggur frammi á Skrifstofu Hrunamannahrepps frá 10.október til kjördags á opnunartíma skrifstofunnar, kl: 09:00-16:00 alla virka daga

# <u>Kjörfundur!</u>

Kjörfundur fyrir sveitarfélagið Hrunamannahrepp, vegna ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu 20.október 2012 um tillögur stjórnlagaráðs, verður haldinn í Félagsheimili Hrunamanna þann 20.október 2012 frá kl: 10:00 til 22:00

Kjörstjórn Hrunamannahrepps

---

Sauðakofinn Fossnesi
Verðum með slatta af sauðahangikjöti í haust. Kaldreykt og tvíreykt, við tað og birki.
Vinsamlegast pantið sem fyrst í símum:
486-6079 -895-8079 og 894-1106
Netfang fossnes@uppsveitir.is
Bestu kveðjur Sigrún og Diddi



LAGNA POSTULINN

Viðar Magnússon Pípulagningameistari
Kringlumýri 1 800 Selfoss
Sími 893-0085 Netf. vidarm@simnet.is

VÖRÐUKÓRINN

**Flóamarkaður/uppistand Vörðukórsins.**

Þann **3.nóv,** næstkomandi verður mikið um að vera í **Félagsheimilinu á Flúðum**.

Þá ætlar Vörðukórinn að vera með flóamarkað, syngja nokkur lög og fá til liðs við sig unga upprennandi söngkonu.

Vöfflur og kaffi á boðstólum og ómögulegt að segja hverju kórinn kann að taka upp á. Við lofum skemmtilegum laugardegi frá kl 14 – 17.

Nánar auglýst síðar.

**Frá Knattspyrnudeild UMFH.!!**

**Þeir krakkar, sem enn eru með fótboltabúninga heima hjá sér skili þeim sem allra fyrst í Íþróttahúsið.**

# Grænna land ehf.



## Haustkransa námskeið

**15,16 og 17 október**

**Námskeiðið fer fram í skemmunni og tekur um 3 klst. Hefst kl 20:00**

**Farið er yfir efni í krönsum og hvað hentar hverju sinni.**

**Verð 4000 kr innifalið er krans, vír og efni.**


*Erla Björg Arnardóttir*
*Garðyrkjufræðingur*
*Sími: 858-3399*
*graennaland@simnet.is*


**Tilvalið fyrir hópa, kvenfélög, saumaklúbba, sumarhúsaeigendur. Hægt er að semja um sér tíma fyrir stærri hópa.**



## Nýtt 6 vikna Zumbanámskeið að hefjast á Flúðum

Dansaðu þig í fanta form með einföldum sporum, skemmtilegri tónlist og góðum félagsskap.

Jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna.

Hefst fimmtudaginn 11. Október í Félagsheimilinu Flúðum.

Kennt verður 2x í viku þriðjudaga og fimmtudaga kl: 17.30

Verð kr: 17.900

Skráning í síma 8685610 eða á danssport@toppnet.is

Hlökkum til að sjá ykkur

Danssport
Silja Anna

LAUGARVATN
fontana
UPPSPRETTA VELLÍÐUNAR




**Munið að tilkynna þáttöku í sultukeppninni**

**á Safnahelginni 3. nóvember nk.**

**Hafið samband í síma 567 6655 eða**

**tilkynnið þátttöku á garn@garn.is.**

**Veitt verða verðlaun fyrir bestu sultuna og**

**nýstárlegustu sultuna.**

**Vöruflutningar**
**Reykjavík—Árnessýsla**

**Vörumóttaka Héðinsgata 1-3**
**Sími: 533 2211**

VÖRUFLUTNINGASTÖÐIN

FLUTNINGAÞJÓNUSTA
Sími 856 1580

**VÖNDULL ehf**
**FLUTNINGAÞJÓNUSTA Í ÁRNESSÝSLU.**

Brottför frá Reykjavík, Héðinsgötu 1-3 sími: 533 2211. **Mánudaga til föstudaga kl. 12:00**, Á Selfossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrirtækjum eftir þörfum.
Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar

Stuðningsfulltrúi óskast í 50% starf við Þjórsárskóla út skólaárið.

Upplýsingar gefur Bolette skólastjóri í síma
486-6051/895-9660
og netfangið bolette @thjorsarskoli.is

## Jógaleikfimi fyrir 60 ára og eldri.

Staður: Heimaland Flúðum
Tími: Fimmtudagar kl. 10:00
Liðkandi og syrkjandi æfingar sem henta jafnt báðum kynjum. Æfingarnar gerum við ýmist standandi eða sitjandi á stól. Hver og einn fer eftir eigin getu. Tíminn endar síðan á stuttri slökun.

Allir hjartanlega velkomnir, ekki er þörf á að hafa reynslu af jóga.

Vonast til að sjá ykkur sem flest. Það er hægt að byrja hvenær sem er eða mæta í staka tíma, ef þannig stendur á hjá fólki.

Nánari upplýsingar í síma 4866777 eða 8980677.

Aðalheiður Jónsdóttir jógakennari



**Komdu með út í óvissuna!**
**Þorirðu?**



Haustfundur Kvenfélags Hrunamannahrepps verður haldinn….??
☺
Nú ætlum við að skella okkur út í óvissuna á haustfundinum okkar og fá sem flestar konur með!
☺



Rúta fer frá Félagsheimili Hrunamanna kl. 13.00, sunnudaginn 21. október.
Komið verður til baka kl. 16.00 – sama dag… ☺



Við lofum ykkur eftirfarandi:

- Góðri skemmtun þessar þrjár klukkustundir.
- Góðum veitingum.
- Góðum félagsskap.
- Góðu skapi.
- Góðu veðri……úúúppss….við getum nú ekki alveg lofað því en við reynum allt sem við getum☺. Annars er bara að klæða sig eftir veðri ☺. Verðum samt ekki mikið útivið en þó aðeins………☺.
- Góðu verði: **kostnaður v. rútu og veitinga verður í lágmarki eða krónur 2000.-.**

**Ertu til í lítið ævintýri?**
**Kæra kvenfélagskona!!Taktu dótturina, tengdadótturina, sonardótturina, dótturdótturina, frænkuna, vinkonuna…… með í óvissuför!**



Allar nánari upplýsingar veitir stjórn félagsins:
Anna: anna@fludaskoli.is/486-6080
Helena: helena@fludaskoli.is/485-6575
María: mariamagg@simnet.is/486-6520.



Hlökkum til að sjá ykkur ☺
**Kvenfélag Hrunamannahreppss**



# Jóga á Flúðum

## Útijóga

Útijóga á mánudögum kl. 17:30. Létt ganga, stöðvað af og til og gerðar jógaæfingar, öndunaræfingar og teygjur. Nýtum okkur skjólgóða staði Flúðahverfisins. Þessir tímar eru mjög orkugefandi en veita jafnframt góða slökun.

Allir velkomnir, ekki er þörf á að hafa reynslu af jógaástundun.

Staður: Félagsheimili Hrunamanna

Tími: Mánudaga kl. 17:30 – 18:45

Verð: 500 kr tíminn

## Hefðbundið jóga í sal

Opnir tímar á fimmtdögum 11. október – 6. desember. Allir velkomnir, byrjendur sem lengra komnir.

Staður: Flúðaskóli

Tími: Fimmtudagar kl. 17:30 – 18:45

Verð: 7.200 kr

Stakur tími: 1.000 kr

Nánari upplýsingar og skráning í síma 8980677 eða á netfanginu adj13@hi.is

Aðalheiður Jónsdóttir jógakennari

# Kaffi Grund
# Breyttir opnunartímar til áramóta

## <u>Opið verður um helgar.</u>

**Föstudaga er opið frá 18:00-21:00,**
**laugardaga og sunnudaga er opið**
**frá 11:30-21:00**

## <u>Lokað, mánudaga til fimmtudaga</u>

**Hægt er að panta fyrir hópa utan opnunartíma**
**upplýsingar í síma: 552-6962 /663-7771**




Hið árlega bingó körfuknattleiksdeildar UMFH verður haldið föstudaginn 26. október kl. 20:00 í Félagsheimili Hrunamanna.

Fjöldi vinninga - við hvetjum alla til að mæta og eiga skemmtilega kvöldstund saman ☺

Stjórn körfuknattleiksdeildar UMFH


Upplit
Menningarklasi uppsveita Árnessýslu
Uppsveitastjarnan
Hæfileikakeppni Upplits
Menningarklasinn Upplit efnir á næstu mánuðum til hæfileikakeppni í uppsveitum Árnessýslu.

**Skráning er hafin og ekki eftir neinu að bíða með að æfa atriði og slá í gegn!**

## Hverjir geta tekið þátt?

Allir í uppsveitunum geta tekið þátt – og hvetur Upplit unga jafnt sem aldna, einstaklinga og hópa, t.d. vinnufélaga, skóla, vinahópa og fjölskyldur, til að taka þátt og keppa um hinn eftirsótta titil Uppsveitastjörnuna!

## Hvernig er fyrirkomulagið?

Fyrirhugaðar eru þrjár forkeppnir. Fyrsta forkeppnin verður á Borg í Grímsnesi, laugardaginn 20. október kl. 15-17. Úrslitakeppnin fer fram í Aratungu föstudagskvöldið 1. mars kl. 20-23. Fylgstu með á www.upplit.is og á Facebook!

## Hvernig er dæmt?

Dómnefnd skipuð valinkunnum einstaklingum velur þrjú bestu atriðin í hverri forkeppni, sem síðan keppa til úrslita. Frumleiki, skemmtun og sköpunargleði vega þungt þegar atriði eru valin í úrslit.

## Hvaða rammar eru settir fyrir atriðin?

Hámarkslengd atriða er fimm mínútur – en þau mega líka gjarnan vera styttri. Annars fá keppendur frjálsar hendur og um að gera að láta hugmyndaflugið ráða för.

## Eru veitt verðlaun?

Já! Og allir þátttakendur fá auk þess viðurkenningu.

## Hvar og hvenær á að skrá sig?

Skráning er hafin á upplit@upplit.is og í síma 898 1957 og stendur til 16. október.

## Hvað kostar inn?

Ekki nema 500 kr. fyrir eldri en 12 ára.

## Viltu vita meira?

**Fylgstu með á www.upplit.is og á Facebook-síðu Upplits.**

**Eftirtaldir styðja Uppsveitastjörnuna**

Menningarráð Suðurlands

Fréttatilkynning

# Skráning í Uppsveitastjörnuna til 16. október

## Fyrsta forkeppnin á Borg í Grímsnesi 20. október

Skráning í Uppsveitastjörnuna, hæfileikakeppni uppsveita Árnessýslu, er hafin og stendur til 16. október – en fyrsta forkeppnin fer fram í félagsheimilinu Borg í Grímsnesi laugardaginn 20. október kl. 15-17. Því er ekki eftir neinu að bíða fyrir hæfileikaríkt uppsveitafólk á öllum aldri með að skrá sig í keppnina, æfa atriði og slá í gegn!

Allir í uppsveitunum geta tekið þátt – og er lögheimili á svæðinu ekki krafa. Geti keppandi sýnt fram á sannfærandi tengsl við uppsveitirnar er sjálfsagt mál að hann fái að skrá sig til keppni. Upplit hvetur unga jafnt sem aldna, einstaklinga og hópa, t.d. vinnufélaga, skólafélaga, vinahópa og fjölskyldur, til að taka þátt og keppa um titilinn Uppsveitastjörnuna.

Vakin er athygli á því að Uppsveitastjarnan blæs á allar hreppagirðingar. Þannig er t.d. ekkert því til fyrirstöðu að Hreppamenn skrái sig til keppni á Borg, rétt eins og keppendur úr Bláskógabyggð geta keppt í Árnesi o.s.frv.

Dómnefnd skipuð valinkunnum einstaklingum úr uppsveitunum ásamt gestadómurum velur þrjú bestu atriðin í hverri forkeppni, sem síðan keppa til úrslita í Aratungu 1. mars. Frumleiki, skemmtun og sköpunargleði vega þungt þegar atriði eru valin í úrslit.

Hámarkslengd atriða er fimm mínútur – en þau mega líka gjarnan vera styttri. Annars fá keppendur frjálsar hendur og um að gera að láta hugmyndaflugið ráða för. Veitt eru verðlaun og allir þátttakendur fá auk þess viðurkenningu.

Skráning stendur eins og áður sagði til 16. október. Tekið er við skráningum á upplit@upplit.is og í síma 898 1957.

Hægt verður að fylgjast með fréttum af keppninni á www.upplit.is og á Facebook-síðu Upplits.

Menningarráð Suðurlands styður Uppsveitastjörnuna – og einnig sveitarfélögin í uppsveitunum, sem leggja til félagsheimilin fyrir keppnirnar.

**Kirkjustarfið í Hrunaprestakalli**

Nú er kirkjustarfið farið að taka á sig vetrarlit eins og náttúran öll og sjálfur er ég að komast inn í málin. Guðsþjónustur eru reglulega á kirkjum prestakallsins annan hvern sunnudag og barnastarf og fermingarstarf er líka byrjað. Þá er einnig byrjað að hugsa til aðventu og jóla og undirbúa helgihald um hátíðir.

**Sími prestakallsins**
Hrunaprestakall mun fá sérstakt símanúmer 856-1572 en einnig er hægt að ná í mig í síma 856-1571

**Barnastarfið**
Sameiginlegt barnastarf fyrir sóknir prestakallsins er í Hreppphólakirkju kl. 16.00 á sunnudögum. Það byrjaði núna s.l. sunnudag og **verður hvern sunnudag fram til 11. nóvember.** Ég hvet foreldra til að mæta með börn sín og eiga saman uppbyggilega og skemmtilega stund í kirkjunni.

**Gengið til góðs**
Fermingarbörnin gengu til góðs s.l. laugardag og gengu fyrir hvers manns dyr á Flúðum og söfnuðu fyrir Rauða krossinn og var þeim mjög vel tekið. Kærar þakkir fyrir.

**Skírnir**
26. september; skírð í Hrunakirkju Sara Margrét. Foreldrar Júlía Dögg Haraldsdóttir og Þorsteinn Guðmundsson
26. september; skírður heima á Skyggni: Filip Ingvi. Foreldrar Silke Leyk og Stefán Guðmundsson.

**Kirkjutónlistin**
Eins og þið vitið þá hefur okkar ágæti organisti Stefán Þorleifsson ákveðið að láta af störfum frá og með áramótum. Verið er að skoða með framhaldið en Stefán mun vera okkur innan handar áfram.

**Messur á næstunni:**

| | |
|---|---|
| Sunnudaginn 21. október | kl. 11: Guðsþjónusta Ólafsvöllum |
| | Kl. 14: Guðsþjónusta Hrepphólum |
| Sunnudaginn 4. nóvember | kl. 11: Guðsþjónusta í Hruna |
| | Kl. 14: Guðsþjónusta á Stóra-Núpi |

Með kærri kveðju,

Halldór Reynisson

# 72

Leiðakort Strætó fyrir Uppsveitir Árnessýslu




## Mánudaga - föstudaga

## Selfoss » Borg » Reykholt » Flúðir » Selfoss

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Fossnesti** | **6:35** | **16:02** | **A17:47** | - |
| FSU | 6:38 | 16:05 | A17:50 | - |
| Ráðhúsið | 6:39 | 16:06 | A17:51 | - |
| Þrastarskógur | 6:48 | 16:15 | A18:00 | - |
| Borg í Grímsnesi | 6:59 | 16:26 | A18:11 | - |
| Laugarás | \| | 16:38 | A18:23 | - |
| Reykholt | 7:12 | 16:48 | A18:33 | - |
| **Flúðir** | **7:22** | **16:58** | **A18:43** | - |
| **Flúðir** | **7:26** | **17:02** | **A18:47** | - |
| Brautarholt | 7:39 | 17:15 | A19:00 | - |
| Sundhöll | 7:59 | \| | A9999 | - |
| FSU | 8:00 | \| | A9999 | - |
| **Fossnesti** | **8:03** | **17:33** | **A19:18** | - |

A= Ekur einungis þriðjudaga og fimmtudaga // Only driven on Tuesdays and Thursdays

## Laugardaga

## Selfoss » Borg » Reykholt » Flúðir » Selfoss

| | | |
|---|---|---|
| **Fossnesti** | **16:25** | - |
| FSU | 16:28 | - |
| Ráðhúsið | 16:29 | - |
| Þrastarskógur | 16:38 | - |
| Borg í Grímsnesi | 16:49 | - |
| Laugarás | \| | - |
| Reykholt | 17:02 | - |
| **Flúðir** | **17:12** | - |
| **Flúðir** | **17:16** | - |
| Brautarholt | 17:29 | - |
| Sundhöll | 17:49 | - |
| FSU | 17:50 | - |
| **Fossnesti** | **17:53** | - |

Aðfangadag og gamlársdag er enginn akstur

## Sunnu- og helgidaga

# Selfoss » Borg » Reykholt » Flúðir » Selfoss

| | | |
|---|---|---|
| **Fossnesti** | **16:25** | - |
| FSU | 16:28 | - |
| Ráðhúsið | 16:29 | - |
| Þrastarskógur | 16:38 | - |
| Borg í Grímsnesi | 16:49 | - |
| Laugarás | \| | - |
| Reykholt | 17:02 | - |
| **Flúðir** | **17:12** | - |
| **Flúðir** | **17:16** | - |
| Brautarholt | 17:29 | - |
| Sundhöll | 17:49 | - |
| FSU | 17:50 | - |
| **Fossnesti** | **17:53** | - |

Jóladag og nýársdag er enginn akstur

# 73




## Mánudaga - föstudaga

# Selfoss » Flúðir » Reykholt » Laugarvatn » Grímsnes » Selfoss

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Fossnesti** | **6:30** | **16:02** | **A18:00** | - |
| FSU | \| | 16:05 | A9999 | - |
| Brautarholt | 6:49 | 16:26 | A18:19 | - |
| **Flúðir** | **7:05** | **16:42** | **A18:35** | - |
| **Flúðir** | **7:07** | **16:44** | **A18:37** | - |
| Reykholt | 7:18 | 16:55 | A18:48 | - |
| Laugarás | 7:28 | \| | A18:58 | - |
| Þóroddsstaðir | \| | 17:07 | A9999 | - |
| Laugarvatn | \| | 17:17 | A9999 | - |
| Þóroddsstaðir | \| | 17:28 | A9999 | - |
| Borg í Grímsnesi | 7:40 | 17:36 | A19:10 | - |
| Þrastarskógur | 7:51 | 17:47 | A19:21 | - |
| Ráðhúsið | 7:59 | 17:55 | A19:29 | - |
| FSU | 8:00 | 17:56 | A19:30 | - |
| **Fossnesti** | **8:03** | **17:59** | **A19:33** | - |

A= Ekur einungis þriðjudaga og fimmtudaga // Only driven on Tuesdays and Thursdays

## Laugardaga

# Selfoss » Flúðir » Reykholt » Laugarvatn » Grímsnes » Selfoss

| | | |
|---|---|---|
| **Fossnesti** | **18:25** | - |
| FSU | 18:28 | - |
| Brautarholt | 18:49 | - |
| **Flúðir** | **19:05** | - |
| **Flúðir** | **19:07** | - |
| Reykholt | 19:18 | - |
| Laugarás | \| | - |
| Þóroddsstaðir | 19:30 | - |
| Laugarvatn | 19:40 | - |
| Þóroddsstaðir | 19:51 | - |
| Borg í Grímsnesi | 19:59 | - |
| Þrastarskógur | 20:10 | - |
| Ráðhúsið | 20:18 | - |
| FSU | 20:19 | - |
| **Fossnesti** | **20:22** | - |

Aðfangadag og gamlársdag er enginn akstur

## Sunnu- og helgidaga

# Selfoss » Flúðir » Reykholt » Laugarvatn » Grímsnes » Selfoss

| | | |
|---|---|---|
| **Fossnesti** | **18:25** | - |
| FSU | 18:28 | - |
| Brautarholt | 18:49 | - |
| **Flúðir** | **19:05** | - |
| **Flúðir** | **19:07** | - |
| Reykholt | 19:18 | - |
| Laugarás | \| | - |
| Þóroddsstaðir | 19:30 | - |
| Laugarvatn | 19:40 | - |
| Þóroddsstaðir | 19:51 | - |
| Borg í Grímsnesi | 19:59 | - |
| Þrastarskógur | 20:10 | - |
| Ráðhúsið | 20:18 | - |
| FSU | 20:19 | - |
| **Fossnesti** | **20:22** | - |

Jóladag og nýársdag er enginn akstur

**Ungmennafélag Hrunamanna**

**Tímatafla**
**Haust 2012**

**Íþróttahúsið Flúðum**

| | Mánudagur | | Þriðjudagur | | Miðvikudagur | | Fimmtudagur | | Föstudagur | | Laugardagur | | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 13:00 | Fótbolti 5 ára 1. og 2. bekkur | 15:15 | Körfubolti minnibolti stelpur 3.-6. b. | 15:10 | Fimleikar 4-5 ára og 1. bekkur | 13:00 | Fótbolti 5 ára 1. og 2. bekkur | 12:30 | 1. og 2.bekkur Körfubolti Míkróbolti | | | | |
| 13:40 | 1. og 2.bekkur Körfubolti Míkróbolti | 16:20 | Körfubolti 9.-10.flokkur kvenna | 16:00 | Frjálsar 1.-2. bekkur | 13:50 | Fótbolti 3. og 4. bekkur | 13:10 | Körfubolti minnibolti strákar 3.-6. b. | | | | |
| 14:30 | Körfubolti minnibolti strákar 3.-6. b. | 17:20 | Körfubolti 7.-8. flokkur kvenna | 16:40 | Frjálsar 7.-10. bekkur | 15:10 | Körfubolti 7.-10. flokkur kvenna | 14:20 | Körfubolti 7.-8. flokkur kvenna | | | | |
| 15:45 | Körfubolti minnibolti stelpur 3.-6. b. | 18:20 | Körfubolti minnibolti strákar 3.-6. b. | 17:50 | Frjálsar 3.-6. bekkur | 16:30 | Körfubolti minnibolti stelpur 3.-6. b. | 15:30 | Körfubolti 9.-10.flokkur kvenna | | | | |
| 17:00 | Körfubolti 7.-10. flokkur kvenna | 19:30 | Blak Konur | 19:00 | Körfubolti 7.-10. flokkur karla | 17:40 | Körfubolti 7.-10. flokkur karla | 16:45 | Körfubolti 7.-10. flokkur karla | | | | |
| 18:20 | Körfubolti 7.-10. flokkur karla | 21:00 | Blak Karlar | 20:30 | Karlasport! Alls konar hreyfing fyrir karla á öllum aldri. | 19:00 | Blak Konur | 18:00 | Fótbolti Old boys | | | | |
| 19:40 | Körfubolti old boys | | | | | 20:00 | Blak Karlar | | | | | | |
| 21:00 | Badminton Allir | | | | | | | | | | | | |







***Fótboltaæfingar á sparkvelli:***

***Mánudagar:***
13.50-14.40 - 3.-4. bekkur
15.15-16.05 - 7.-8. bekkur
16.05-16.55 - 5.-6. bekkur
16.55-17.45 - 9.-10. bekkur

***Fimmtudagar:***
15.15-16.05 - 7.-8. bekkur
16.05-16.55 - 9.-10. bekkur
16.55-17.45 - 5.-6. bekkur

Þessi tafla gildir haustönn 2012.
Nokkrar nauðsynlegar breytingar hafa verið gerðar frá 1. töflu og tekur þessi tafla gildi nú þegar.



Hrunaréttir 2012.
Ljósm: SigSigm









"Alda aldann" Börn að leik í haustblíðunni við listaverk Einars Jónssonar frá Galtafelli.



Guðmundur á Syðra-Seli með einn "bjartan" Ljósm: SigSigm

